

Fundur í umhverfisnefnd Þelamerkurskóla 3. sept. 2013

Mættir voru fulltrúar nefndarinnar. Þeir eru: Unnar Eiríksson ritari, Sigríður Guðmundsdóttir formaður, Sesselja Ingólfsdóttir fulltrúi starfsfólks, Sigríður Hrefna Jósefsdóttir fulltrúi foreldra og fulltrúar nemenda sem eru Birta 5. bekk, Anna Ágústa 6. bekk, Oddrún Inga 10. bekk, Bensi 9. bekk, Kristín Ellý 7. bekk, Baldur 8. bekk, Jóhanna 2. bekk, Linda 3. bekk og Jónsteinn 4. bekk. Ekki var búið að tilnefna fulltrúa frá 1. bekk.

Formaður setti fund og bauð nefndarmenn velkomna á fyrsta fund vetrarins.

1. mál

Hugmyndir að starfi vetrarins.

Ákveðið var að auka virkni nefndarinnar með því að skipta vinnu vetrarins niður á starfsmenn nefndarinnar.

- Hafa umsjón með moltukassa: Unnar, Linda og Bensi
- Afmælistréð (uppfæra það): Jónsteinn, Baldur, Sigga Hrefna og Silla.
- Veggverkið Heimasveitin okkar: Sigga Hrefna, Silla, Jónsteinn og Baldur
- Markmiðaveggurinn: Sigga, Birta og Oddrún.
- Flokkunin/ kynning: Sigga, Kristín Ellý og Anna Ágústa.
- Getraun vikunnar: Sigga, Bensi og Jónsteinn.
- Garðrækt og dýrahald: Unnar, Jóhanna, Baldur, Kristín Ellý og Anna Ágústa.
-

2. mál

Hugmyndir að markmiðum vetrarins.

Á umhverfisdögum í vor var leitað til nemenda skólans og þeir beðnir um að koma með hugmyndir að grænfánaverkefnum næsta vetrar. Margar tillögur bárust og ákveðið var að reyna að framkvæma nokkrar af þeim.

Við ætlum að skoða það að:

- Rækta grænmeti og setja niður kartöflur í trjáreitnum norðan Laugaland.
- Búa til vermireit.
- Fá okkur hænur.
- Vera með fræðslu um gróður.
- Týna rusl í fjögur skipti yfir veturinn.
- Búa til endurvinnsludót.
- Ganga frá dóti sem notuð eru í frímínútum t.d þotur og boltum.
- Endurvinna pappír t.d. í jólakortagerðinni.

3. mál

Önnur mál.

Ekki önnur mál.

Fleira ekki gjört

Unnar Eiríksson fundarritari.